

0.5% af fasteignamatsverði árlega. Lágmarksgjald skal vera kr. 5 500.00 og hámarks-gjald kr. 12 500.00 af íbúð.

2. gr.

Í stað kr. 8.00 komi kr. 15.00.

3. gr.

Í stað kr. 5 000.00 komi kr. 15 000.00.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 358 17. júlí 1975.

Reglugerðarbreyting þessi, staðfestist hér með samkvæmt vafnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að óðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

31. maí 1976.

Nr. 235.

STARFSREGLUR

fyrir flugráð.

1. gr.

Flugráð fer með stjórn flugmála undir yfirstjórn samgönguráðherra, en flug-málastjóri annast framkvæmd ályktana ráðsins og daglegan rekstur flugmála.

2. gr.

Flugráð skal bera undir ráðherra öll mál, sem mikilvæg eru eða þannig vaxin, að ráðið telur eðlilegt að leita um þau fyrirmæla ráðherra. Auk þess fjallar flugráð um þau erindi, sem samgönguráðuneytið sendir ráðinu til umsagnar.

3. gr.

Flugráð heldur fundi eigi sjaldnar en tvisvar hvern mánuð. Þó er heimilt að aðeins sé einn fundur í júní, júlí og ágúst.

Aukafundi skal halda eftir þörfum og ætíð ef formaður eða tveir flugráðsmenn æskja þess.

4. gr.

Formaður flugráðs stýrir flugráðsfundi og leggur fyrir ráðið þau mál, sem því ber að fjalla um og á dagskrá eru, ásamt nauðsynlegum skýringum.

Einstakir flugráðsmenn geta einnig lagt fyrir ráðið mál, sem eru í þess verka-hring, eftir því sem fundartími leyfir.

Í fjarveru formans stýrir varaformaður fundi, en sé hann einnig fjarverandi, kýs ráðið fundarstjóra úr sinum hópi. Flugráð kýs ritara úr hópi flugráðsmanna, en auk þess er ráðinu heimilt að ráða sér fastan fundarritara.

5. gr.

Fundarboði í flugráð skal fylgja dagskrá og er fundur lögmaður og ályktunarbar ef hann er löglega boðaður og þrír aðalfulltrúar viðstaddir hið fæsta. Geti aðalfulltrúi ekki mætt, skal þegar boða varamann hans. Varamenn skal einnig boða til setu á fundi flugráðs, með málfrelsi og tillögurétti, a. m. k. mánaðarlega, enda þótt hlutað-

eigandi aðalfulltrúi sé ekki forfallaður, svo og þegar ræddar eru framkvæmdaáætlanir, sbr. 7. gr. Hafi fundur í flugráði ekki verið ályktunarbær vegna fjarveru aðalfulltrúa skal næsti fundur bær til að álykta, enda þótt færri aðalfulltrúar en þrjár séu viðstaddir. Óheimilt er aðalfulltrúa að greiða atkvæði nema á þeim fundi þar sem málið er borið undir atkvæði og ekki gilt að hann lýsi afstöðu sinni símleiðis.

Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum flugráðs.

6. gr.

Allar gerðir flugráðs skulu færðar í gerðabók. Að loknum fundi, svo fljótt sem við verður komið skulu aðalfulltrúar í flugráði senda afrit af fundargerð og dagskrá næsta fundar. Afrit af fundargerðum skulu einnig send öllum varamönnum í flugráði, svo og samgönguráðherra og ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytis.

Gerðabók flugráðs skal undirrituð af formanni ráðsins og kjörnum ritara þess.

7. gr.

Flugráð gerir heildaráætlun um nauðsynlegar framkvæmdir flugmála í 4 ár í senn og síðan, er ráðherra hefur fallist á slíka áætlun sem eðlilega stefnu, semur ráðið sérlegar tillögur um framkvæmdir í samræmi við heildaráætlunina, svo og aðrar fjárlagatillögur flugmála, innan þess frests sem samgönguráðuneytið setur.

Er fjárlög hafa verið afgreidd ber flugráði að fylgjast með, að þeim sé fylgt í öllum þeim efnum, sem flugmálin varða og fé ekki varið umfram áætlun fjárlaga né í öðru skyni, nema með sérstöku leyfi samgönguráðuneytisins.

8. gr.

Ekki má stofna til neinna nýrra framkvæmda eða skuldbindinga, sem máli skipta, nema samþykki flugráðs sé áður fengið. Skal gera kostnaðaráætlanir um allar framkvæmdir, áður en í þær er ráðist og þeim haldið innan þess sviðs, sem fjárveitingar fjárlaga marka.

9. gr.

Ársfjórðungslega skal leggja fyrir flugráð reikningsyfirlit flugmálastjórnar undanfarandi þrjá mánuði.

Ársreikningur flugmálastjórnar fyrir hvert ár skal á sama hátt lagður fyrir flugráð í næsta marsmánuði.

10. gr.

Halda skal sérstaka bréfabók fyrir flugráð og sú bók skal liggja frammi á flugráðsfundum, svo og afrit af bréfum, sem skrifuð hafa verið frá því síðasti fundur var haldinn.

Í bréfabók flugráðs skal skrá öll móttækin og útsend bréf og tilgreina dagsetningu, sendanda eða móttakanda, svo og efni bréfs í stuttu máli og skjalavistunarnúmer.

Bréfa- og skjalasafn flugráðs skal varðveitt sérstaklega, aðskilið frá skjalasafni flugmálastjóraembættisins. Öll bréf flugráðs skulu rituð í þess nafni og undirrituð af formanni og ritara flugráðs.

11. gr.

Ráðningar fasts starfsfólks flugmálastjórnar skal leggja fyrir flugráð og rökstudd umsögn þess fylgja beiðni um ráðningu. Óheimilt er að ráða starfsmann eða greiða honum laun fyrri en samgönguráðuneytið hefur aflað nauðsynlegra heimilda, samkvæmt þeim almennu reglum, sem þar um gilda og staðfest það með bréfi til flugráðs.

12. gr.

Flugráð fjallar um allar sendiferðir starfsmanna flugmálastjórnar úr landi, áður en heimildar til ferðarinnar er leitað til samgönguráðuneytisins.

Flugráði og samgönguráðuneytinu skal gefin skrifleg skýrsla um allar slíkar sendiferðir.

13. gr.

Um risnu flugráðs fer eftir því, sem ráðið ákveður hverju sinni.

14. gr.

Flugráð skal í starfi sínu hafa sem nánast og best samstarf við íslensk flugfélög um öll mál, er þau varða, og gefa trúnaðarmönnum þeirra kost á að tjá sig um og fylgjast með meðferð þeirra mála, er ætla má að flugfélög telji snerta hagsmuni sína að verulegu leyti eða óska eftir að fylgjast með.

Starfsreglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi starfsreglur fyrir flugráð, nr. 102 30. ágúst 1955.

Samgönguráðuneytið, 31. maí 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan
Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

I. KAFLI

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til allra starfsmanna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess og skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu sveitar- og sýslufélaga eða atvinnufyrirtækja þessara aðila með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf. Ákvæði reglugerðarinnar taka þó ekki til borgar-, bæjar- eða sveitarstjóra.

2. gr.

Um laun og önnur starfskjör þeirra starfsmanna, sem reglugerð þessi tekur til, skal fara eftir ákvæðum reglugerðar þessarar og kjarasamningum, er gerðir eru samkvæmt henni. Kjarasamningur greinist í tvo þætti, aðalkjarasamning og sérkjarasamning.

3. gr.

Sveitarstjórnir og sýslunefndir fara með fyrirsvor síns sveitarfélags að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn sína.

Þær geta skipað nefnd til að annast samninga af sinni hendi.

4. gr.

Einstök félög innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sýslunefnd viðurkennir, fara með allan samningsrétt og aðrar ákvarðanir af hendi starfsmanna skv. reglugerð þessari. Stjórnir einstakra félaga eða til þess kjörnar nefndir fara með fyrirsvor þeirra um gerð samninga. Félögin